

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um herþjónustu íslenskra ríkisborgara.

1. *Hversu margir íslenskir ríkisborgarar hafa sótt herþjálfun á árunum 2010–2025? Óskað er eftir að fram komi árlegur fjöldi og ríki sem herþjálfun fór fram í.*

Utanríkisráðuneytið hefur ekki upplýsingar um fjölda íslenskra ríkisborgara sem hafa sótt herþjálfun erlendis, ráðuneytið býr einungis yfir upplýsingum um fjölda íslenskra ríkisborgara sem hafa sótt um skólavist í norskum herskóla. Íslenskir ríkisborgarar hafa samkvæmt samningi frá 1995 rétt til að sækja um skólavist við herskóla í Noregi. Ferlið er á þann veg að umsækjendur senda öll umsóknargögn á utanríkisráðuneytið, ráðuneytinu er gefinn kostur til að gera athugasemdir um umsóknina og áframsendir svo umsóknina til norska sendiráðsins á Íslandi. Öll samskipti sem fara fram eftir það eru á milli norska herskólans og umsækjanda beint og er ráðuneytið ekki upplýst um það hvort umsækjandi fái skólavist.

2. *Hversu margir íslenskir ríkisborgarar hafa sinnt herþjónustu á virkum áttakavæðum á árunum 2010–2025? Óskað er eftir að fram komi árlegur fjöldi, ríki sem herþjónustu var sinnt fyrir og áttakavæði.*

Utanríkisráðuneytið hefur ekki upplýsingar um íslenska ríkisborgara sem sinna eða hafa sinnt herþjónustu á virkum áttakavæðum.